

Yfirskrift	Dagskrá stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 8 2016	8	Dagsetning	10. nóvember 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlaðan)				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, BE, KLÁ, MH, EB, (GSB) og Tryggvi Axelsson				
Fylgiskjöl	Fundargerð stjórnar FFR 20. október 2016				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Vefur FFR

HÓS sýndi nýja vefinn, sem er mjög langt kominn og óskaði eftir tillögum og athugasemdum frá stjórn. M.a. var rætt um merki félagsins á vefnum og nytsama tengla. Eftir er að uppfæra texta af eldri síðu og setja inn.

3. Utanumhald félagskrár, útsending til félagsmanna

Erla Bjarnadóttir á Landsbókasafni hætti 1. nóv. s.l. vegna aldurs, en hún hefur m.a. séð um að halda við excelskrá og póstlista í Outlook yfir félagsmenn og einnig fyrrverandi forstöðumenn sem eru í félaginu. Nokkrar umræður urðu um framhald þessarar vinnu, en hugsunin var að starfsmaður félagsins, Ingibjörg Guðmundsdóttir, haldi þessum skráum við sbr. starfslýsingu sem gerð var í vor. IS sendir hana á hópinn. HÓS kannar kostnað við að félagið eignist eigið póstfang.

4. Kjararáð, ný staða vegna launahækkunar þingmanna, félagsfundur

Tryggvi Axelsson formaður starfskjaranefndar kom inn á fundinn. Rætt var um síðustu hækkanir Kjararáðs og viðbrögð við þeim í samfélaginu. Rætt var um launamál og starfsumhverfi forstöðumanna, en gert er ráð fyrir að frumvarp um Kjararáð verði lagt fram aftur. Ákveðið var að félagið sendi Kjararáði bréf og óski eftir almennri leiðréttingu launa forstöðumanna ríkisstofnana, sem sértæks hóps. TA kallar saman starfskjaranefnd og gerir drög að bréfi sem verði lagt fram á stjórnarfundum 9. des. Bréfið þarf að fara til Kjararáðs 15. des. í síðasta lagi. Einnig var rætt um að halda sérstakan félagsfund um málið til þess að skýra stefnu félagsins og það umboð sem stjórn hefur.

5. Sérfræðipjónusta vegna kjaramála

Rætt um möguleika á að fá [Gisle Norheim](#), sem er statens personaldirektör í Noregi, til að koma til Íslands, m.a. til að kynna hvornig starfsumhverfi forstöðumanna hefur þróast þar í landi. Einnig var rætt um að leita eftir sérfræðiráðgjöf eða þjónustu innanlands. Ákveðið var að Ingibjörg Guðmundsdóttir myndi vinna verkefnislýsingu fyrir slíka ráðgjöf. TA lagði til að gerð verði könnun meðal forstöðumanna sem væri sambærileg við Stofnun ársins.

6. Næstu fundir og jólahlaðborð

Næsti fundur verður haldinn 9. desember í Umhverfisstofnun. Stjórn heldur jólahlaðborð 2. desember. Einnig var rætt um að halda fund á Akureyri með vorinu.

7. Önnur mál

BK ræddi um nýja umsókn í Starfsmenntunarsjóð embættismanna.

Rætt var um fræðsluáttak vegna stofnanasamninga sem er að fara af stað.

BK mun athuga möguleika á að halda samráðsfund nokkurra stjórnarmeðlima FFR með kjara- og mannauðssýslu.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Kanna kostnað við að félagið eignist eigið pósthúsi	HÓS	Sem fyrst
Senda starfslýsingu á hópinn	ISS	Sem fyrst
Koma póstsendingum í fast form	BK o.fl.	
Drög að bréfi til Kjararáðs	TA	8. desember
Fá morgunverðarfund með nýjum fjármálaráðherra	BK	Í bið
Undirbúa félagsfund um launa- og starfskjör	BK o.fl.	Janúar 2017
Kanna hvort hægt sé að fá sérfræðing frá Noregi á fund	BK og KLÁ	Sem fyrst
Verkefnislýsing vegna ráðgjafar	IG	Sem fyrst
Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna	BK	
Samráðsfundur með kjara- og mannauðssýslu	BK	